

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skattgreiðslur fjármálafyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjir voru álagðir skattar (tekjuskattur og eignarskattur) banka á árunum 2003 og 2004? Hver var hagnaður, skattskyldar tekjur, yfirfæranlegt tap í árslok og úthlutaður arður vegna sömu tekjuára (2002 og 2003)?
2. Hverjar eru með sama hætti umbeðnar upplýsingar fyrir önnur fjármálafyrirtæki svo sem sparisjóði, verðbréfafyrirtæki, tryggingafélög og önnur fyrirtæki sem veita fjármálaþjónustu, flokkað eftir tegund þjónustunnar?
3. Hvað leiddi yfirfæranlegt tap til mikillar lækkunar á skattstofni framangreindra fyrirtækja og hverjar hefðu skattgreiðslurnar orðið án þessarar lækkunar á tekjuskattstofni? Framangreindar upplýsingar óskast aðgreindar í hverjum flokki eftir því hvort viðkomandi félög sýndu rekstrarlegan hagnað árunum 2002 og 2003 eða ekki.

**Skriflegt svar óskast.**